



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Rauðhóll

Starfsáætlun 2020 – 2021



Einkunnarorð Rauðhóls eru grunnurinn að daglegu starfi okkar

Vinátta • Virðing • Vellíðan

Rík áhersla er lögð á vináttu og náungakærleik í öllu starfi

Fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu

Ef einstaklingum líður vel eiga þeir auðveldara með að gefa af sér



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Greinargerð kennara Rauðhóls vegna COVID-19 vorið 2020	6
3	Innra mat	9
3.1	Innra mat í Rauðhól skólaárið 2019 – 2020	10
3.2	Innra mat	14
3.3	Guladeild 2019-2020, börn fædd árið 2018.	15
3.4	Bláadeild 2019-2020, börn fædd árið 2017.	16
3.5	Grænadeild 2019-2020, börn fædd árið 2016 – 2017.	17
3.6	Rauðadeild 2019-2020, börn fædd árið 2017.	18
3.7	Ævintýrahóll 2019-2020, börn fædd árið 2015.	20
3.8	Ævintýralundur 2019 – 2020, börn fædd árið 2016.	22
3.9	Ævintýraland 2019-2020, börn fædd árið 2014.	23
3.10	Ævintýradalur 2019-2020, börn fædd árið 2014.	26
3.11	Ævintýraeyja 2019-2020, börn fædd árið 2015.	27
3.12	Björnslundur 2019 -2020, börn fædd árið 2014 – 2016.	28
4	Ytra mat	29
5	Langtímaáætlun um innra mat í leikskólanum Rauðhól	34
6	Innra mat skólaárið 2020-2021	35
7	Skólaárið 2020-2021	39
8	Ytra mat	40
9	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	41
9.1	Starfsþróunarsamtöl	41
9.2	Símenntun skólaárið 2019-2020	41
10	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	45
11	Foreldrasamvinna	46
12	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	47
13	Skýrsla sérkennslustjóra	48
13.1	Umbótaáætlun vegna sérkennslu skólaárið 2019-2020	49
13.2	Umbótaáætlun vegna sérkennslu skólaárið 2020-2021	50
14	Fylgigögn	51
14.1	Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning	51
14.2	Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	51
14.3	Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs	51
14.4	Fylgiskjal 4 - Skóladagatal	51



Leiðarljós Rauðhóls er:

Að börn og starfsfólk fá tækifæri til að nýta eigin styrkleika og blómstra þannig í leik og starfi

1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2019-2020 var mjög viðburðarríkur og spennandi. Ný námskrá var gefin út í ágúst ásamt skýrslu um þróunarverkefnið Leyndarmál Rauðhóls gleðinnar og myndbandi um starfið á Rauðhóli. Rauðhóll tók þátt í Menntakvikunni í október þar sem margir af kennurum skólans tóku þátt í að kynna starfsemina.

Haustið kom með sínum þunga og í fyrsta skipti síðan skólinn opnaði var mikið af ungum börnum hjá okkur. Aðlögunin einkenndist af því að kennarar voru að læra inn á þessar nýju aðstæður sem við vorum komin í og tók það nokkurn tíma að slípa starfið til. Ytra mat var gert á starfi skólans af SFS í nóvember og tók það þrjár vikur. Mikið var rannsakað og að þessu mati komu börn, foreldrar og starfsfólk. Við vorum ofboðslega stolt og þakklát fyrir niðurstöður matsins og höfum farið í úrbætur á því sem betur mátti fari á starfinu og munum halda því áfram. Unnið hefur verið að gerð nýrrar starfsmannahandbókar í vetur og veður hún tilbúin núna í sumar.

Stóri leikskóladagurinn var mikill hátíðadagur hjá okkur þar sem leikskólinn fékk hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur skólaárið 2019-2020. Verðlaunin voru veitt fyrir verkefnið: Leyndarmál Rauðhóls gleðinnar. Einnig fékk ég hvatningarverðlaun fyrir Framúrskarandi forystu í starfi leikskólans Rauðhóls. Það gefur okkur öllum mikið sem koma að leikskólanum Rauðhóli að fá svona glæsilega viðurkenningu á starfinu okkar þegar leikskólinn er fjórtán ára gamall. Er ég óendanlega þakklát öllum sem hafa komið að því að gera Rauðhól að þeim leikskóla sem hann er.



Í fyrsta skipti varð verkfall í sögu leikskóla á Íslandi og var það Efling sem steig fram og barðist gegn láglaunastefnu sem hefur verið í leikskólum. Þetta var undarlegur tími og undirbúningurinn var afar flókin í svo stórra stofnun, engin hafði áður staðið í þessu og siðferðis spurningarnar voru margar og álitamálin mörg í byrjun. Má segja að það hafi verið blessun að leikskólanum var lokað vegna óveðurs



föstudaginn áður en ótímabundið verkfall hófst en það gaf okkur svigrúm til skiplagningar með stjórnendum skólans. Verkfallið reyndi verulega á alla þá sem tóku þátt í því. Deilan var langdregin og virðingarleysi samnings aðila var algjörlega óþolandi. Að svona viðkvæm deila hafi verið færð í leikrit í fjölmiðlum er algjörlega ólíðandi.

Þegar verkfalli lauk og Eflingar starfsfólk mætti til vinnu liðu ekki nema þrír dagar og þá var komið á samkomubann vegna COVID-19. Skipulagsdagurinn 16. mars var nýttur til að skipuleggja starfsemi leikskólans upp á nýtt í samræmi við reglur samkomubanns og sóttvarna. Þessi tími reyndi verulega á starfsfólk skólans og mátti greina hræðslu og óöryggi hjá mörgum. Mig langar að hrósa öllum í leikskólanum; börnum, foreldrum, stjórnendum og öðru starfsfólki skólans fyrir mikla aðlögunarhæfni og sveigjanleika í þessu fordæmalaus ástandi sem skapaðist.

Námsferð leikskólans til Stokkhólms sem fara átti í apríl frestaðist vegna heimsfaraldursins en farið verður í hana vorið 2021.

Leikskólinn Rauðhóll fékk 2 milljónir frá kosningu „Hverfið mitt“ frá Reykjavíkurborg til að laga útisvæði leikskólans. Mynd sem nýtt var í kosningunni var af grasinu á Ævintýrunum sem er vanalega eitt drullusvæði. Þrátt fyrir að niðurstöðu kosningarinnar sneri að Ævintýrum var peningurinn samt nýttur í viðhald á mjúkum hellum undir rólunum á Litunum. Það er mjög undarlegt að peningarnir sem ætlaðir eru til að lagfæra eitthvað að ósk íbúa séu notaðir í venjulegt viðhald leikskólalóða. Enn fremur er undarlegt að meira en helmingur upphæðarinnar fari til verkfræðistofu þegar borgin sjálf ætti að geta ákveðið hvað peningurinn er nýttur í og fá fólk til að vinna það. Hægðarleikur hefði verið að nýta þennan pening mun betur í þarfir barnanna. Garðurinn á Ævintýrunum var hannaður í algjörrri kreppu og er því ekki mjög spennandi leiksvæði fyrir börnin. Nú er leikskólinn t.d. að láta færa vegasalt og taka köllunarkletta sem staðsettir eru á leiksvæði skólans. Þessir klettir hafa verið mikil slysagildra í gegnum árin. Á þessu svæði verður komið fyrir mörkum sem foreldrafélagið gaf okkur á þann stað.



Hvorugt húsið á Litum né Ævintýrum heldur vatni eða vindi. Lekur mikið inn í húsin meðfram gluggum í suðaustan átt sem er mjög oft hér í efri byggðum. Hafa tvö síðustu sumur farið í úrbætur á þessu en ekki hefur tekist að komast fyrir þetta og er þetta algjörlega óþolandi.

Ævintýrin voru byggð með þá hugsun að matur yrði keyptur frá Norðlingaskóla. Fyrir fimm árum síðan bannaði Heilbrigðiseftirlitið að leikskólinn fengi mat frá eldhúsi Norðlingaskóla vegna hættu á krossmengun. Þá var gripið til þess ráðs að búa til eldhús í geymslu innan af sal leikskólans. Þessi vinnuaðstaða er mjög bágborin og ekki neinum bjóðandi, plássíð lítið, lýsing léleg og loftræsting hræðileg. Nú er komið vilyrði fyrir því að eldhúsaðstaða skólans verði löguð og verður það gert á næsta ári.

Björnslundur er dýrmættur lundur sem hefur verið okkar stöðutákn í leikskólastarfinu. En það sorglega er að lundurinn er án alls viðhalds og endurbóta. Einnig er byggingarlóð inni í lundinum í eigu byggingavertaka sem er með hana á sölu fyrir þjónustu. Það er sorglegt að við sjáum ekki sóma okkar í því að huga betur að þolmörkum náttúrunnar og vinna í því að rækta og huga að lundinum okkar til framtíðar. Því öll viljum við eiga fallegan Björnslund eftir 15 ár.



Um áramót þá varð til eitt leyfisbréf fyrir öll skólastig, það er uggur í leikskólafólki því starfsaðstæður grunnskólakennara og framhaldsskólakennara eru allt aðrar en í leikskólum. Þar sem þeir eru alltaf lausir frá kennslu kl. 14 á daginn ásamt því að vera í tveggja mánaða sumarleyfi, jólafrí, páskafrí og tveimur vetrarfrímum. Ef þeir taka þátt í frímínútum eða matartíma barnanna eða taka að sér kennslu vegna veikinda fá þeir greitt aukalega fyrir það. Nú er raunveruleikinn blákaldur kominn hjá okkur þar sem deildastjóri sem hefur starfað hér í ellefu ár óskaði eftir árs leyfi frá starfi til að verða kennari í grunnskóla. Ég vona svo sannarlega að borgin og Kennarasambandið sjái að þetta er algjörlega óviðunandi aðstæður og muni grípa til aðgerða strax ef þeir vilja hafa sterka leikskóla.

Síðast liðið ár hafa ýmsar framkvæmdir verið á húsinu á Litunum. Settur var hiti í gólf á tveimur deildum og miðrými og einnig voru deildir málaðar. Sameiginlega rými skólans var einnig málað strax eftir samkomubann. Þetta er gott og blessað en það er skrítið að reka leikskóla þegar færa þarf eina til tvær deildir (ein deild með um 20 börnum og 5 starfsmönnum) til í húsinu og það í október þegar aðlögun á 30 til 40 nýjum börnum fæddum 2017 og 2018 er rétt að ljúka. Við gleðjumst yfir viðhaldi á húsnæðinu en þetta er mikið rask fyrir börn og starfsfólk og fyrirvarinn á framkvæmdum er yfirleitt enginn og má ekki gera lítið úr því álagi sem þetta veldur á starfseminu.



Veturinn 2019 -2020 er búin að vera erfiður og þá aðallega vegna aðstæðna sem lítið var ráðið við. Starfsfólk skólans ásamt foreldrum tókust á við nýjar krefjandi aðstæður sem enginn hefur tekist á við áður. Því er eðlilegt að mikil þreyta sé komin í mannskapinn og bíðum við öll eftir því að leikskólinn loki í fjórar vikur og allir komist í langþráð sumarfrí.

Guðrún Sólveig, leikskólastjóri

2 Greinargerð kennara Rauðhóls vegna COVID-19 vorið 2020

Innan kennarahóps Rauðhóls var ákveðið að taka saman upplifun starfsfólks um þær jákvæðu aðstæður sem sköpuðust fyrir börnin á COVID-19 tímabilinu. Á öllum deildum var börnunum skipt upp í A og B hópa. Forgangshópur blandaðist inn í báða hópana eftir vinnuskipulagi foreldra í framlínustörfum. Það var samhljómur í ákveðnum þáttum á öllum deildum skólans og verða þeim gerð skil hér.



Það var ánægjulegt að börnin fengu meira rými á deildum fyrir allt nám s.s. leik, sköpun ásamt fleiri tækifærum til samskipta við önnur börn og kennara. Áberandi var hversu mikið samtal átti sér stað milli barnanna í leiknum. Samtöl kennara við börnin voru innihaldsríkari og gafst meiri tími til að kynnst börnunum nánar. Kennarar höfðu betra tækifæri til að fylgjast með hvar hvert og eitt barn er stadd í þroska til dæmis í samskiptafærni, fínhyrningum og málþroska. Dæmi eru um hlédræg börn sem mynduðu ný vinasambönd og styrktu sjálfsmynd sína á þessum tíma. Foreldrar barnanna höfðu orð á að þau fundu fyrir jákvæðum breytingum hjá börnunum sínum heima fyrir.

Börn með slakan málþroska fengu mun fleiri tækifæri til að tjá sig og æfa málið í samskiptum við önnur börn. Heyranlegar framfarir voru hjá þeim þegar færri börn voru í skólanum. Þá höfðu



þau nægan tíma til þess að tjá sig og vinirnir gáfu sér meiri tíma til þess að hlusta á þau. Þegar hópurinn er stærri eru dæmi um að vinirnir hafi minna þol til þess að bíða eftir að börn með slakan málþroska tjái sig. Vinirnir skilja þau oft ekki þegar margir eru saman í leiknum og því kemur það fyrir að þau bakka út úr samskiptunum.

Töluvert minna var um árekstra milli barnanna en ef þeir urðu var auðveldara fyrir þau að leysa

úr ágreiningi í ró og næði. Börnin gátu gefið sér betri tíma til að máta sig við nýja félag á deildunum og mynduðust ný vinasambönd. Í skapandi starfi gafst kennurum lengri tími með hverju barni til verkefnavinnu. Þeir kennarar sem voru til staðar inni á deild voru ekki að skjótask á fundi, í undirbúning, í matsalinn eða slíkt, þeir voru eingöngu inni á deild. Á þessu tímabili var viðvera kennaranna á deild samfelld þar sem þeir tóku undirbúning, fundi (með fjarfundabúnaði) og kaffitíma heima í upphafi eða lok dags.

Takmarkað rými var í garðinum fyrir börnin þar sem þau máttu ekki blandast milli deilda og hver deild átti sitt svæði. Kennarar voru því duglegir að nýta sér nærumhverfi skólans í gönguferðir og fjölbreytta leiki

Framangreindir þættir styðja mikilvægi þess að fækka í barnahópnum og auka þar með leikrými barna í hverjum skóla fyrir sig. Eins og einn kennari komst svo vel að orði:

„Sannfærðist um að færri börn á deild gefa fleiri tækifæri, betri tíma og gæði náms til að sinna einstaklingsþörfum barnanna“

Mikil gleði var í barnahópnum að hittast aftur 4. maí eftir aðskilnaðinn og að fá allt leikefnið sitt aftur.

Barn sem var í A-hóp kom til kennara með skjaldbökudýr í hendinni en það hafði verið leikefni í B-hóp. Barnið sagði: „Hér er skjaldbökudýrið, ég er ekki búin að sjá það mjög lengi“.

Strax á fyrsta degi urðu kennarar varir við að þau börn sem eru með stuðning og þau börn sem þola almennt illa breytingar áttu frekar erfitt. Hávaðinn og áreitið var orðið meira inni á deildum, í fataklefum og á útisvæðum. Flest börn voru glöð að geta leikið saman í garðinum og að hitta félagi frá öðrum deildum. Kennari var að útskýra fyrir börnunum að nú mættu þau fara um alla skólalóðin að leika sér.



B: „Megum við fara í rennibrautina, rólurnar, sandinn, brúna og vegasaltið?“

Kennari: „Já“

B: „Váááá“

Ánægja var með að byrja með hlaðborðið að nýju í matsalnum á Ævintýrunum þar sem félagar og vinir gátu sameinast við matarborðið. Dæmi um það sem nokkur börn sögðu í matsalnum „má ég núna hella sjálf/sjálfur í glasið mitt?“ Öll sjálfshjálp barna í matartímanum fór alfarið í hendur kennara á COVID-19 tímabilinu.



Mismunandi var eftir deildum hvort og hvernig börnin ræddu um veiruna. Þessi ummæli féllu hjá einni 3ja ára stelpu „ég fæ stórt afmælið þegar Kórónu veiran er búin“.

Foreldrar höfðu orð á, í tengslum við að dyrabjöllur væru í anddyrum, að það tæki styttri tíma og væri auðveldara að kveðja barnið en að fylgja því inn á deild. Foreldrar voru ótrúlega jákvæðir og

skilningsríkir um breytingar á skipulagi leikskólans, að þetta snerti okkur öll og væri sameiginlegt verkefni.

Einn deildarstjóri hafði að orði: „Við sáum mikinn mun á börnunum hvað þau voru afslappaðri, þau voru meira með foreldrum sínum og minna álag í samfélaginu. Engin keyrsla eftir leikskóla allir bara heima og streita minnkaði til muna“.

Hugleiðingar starfsfólks á þessu tímabili voru margþættar þegar kom að þeirra eigin líðan. Talað var um öryggi í byrjun, hvað mátti og hvað ekki sbr. sóttvarnir. Rætt var um að það hefði verið álag að sótthreinsa deildina og leikefni í lok dags ásamt því að skipta leikefninu út milli hópa. Söknuður var yfir að hitta ekki aðra vinnufélaga en þá sem voru á deildinni og dagarnir oft lengi að líða.



Starfsfólk lýsti því hversu erfitt og streituvaldandi það væri að vera í framlínustarfi á tímum COVID-19. Það hafði ekki áttað sig á því þegar það fór að vinna í leikskóla hversu mikilvæg öryggisstofnun skólinn er. Það upplifði að það væri berskjaldað gagnvart veirunni á vinnustaðnum. Starfsfólkið ræddi um kvíða og streitu sem myndaðist þegar það áttaði sig á því að það gæti smitast í vinnunni og borið smitið heim til sín. Einnig að verða þess valdandi að það þyrfti að loka deildinni eða jafnvel öllum skólanum ef starfsfólkið kæmi með smit inn í skólann. Margir upplifðu að það væri erfitt að verja sig gegn veirunni með þeim öryggisráðstöfunum sem leikskólinn bauð upp á vegna nándar við börnin. Starfsfólkinu fannst samfélagið ekki átta sig nægilega vel á því hversu berskjaldað starfsfólk leikskóla og grunnskóla var í því ástandi sem gekk yfir. Það er vert að taka það fram að starfsfólk var ekki sammála um hversu mikil streita myndaðist vegna hættu á smiti. Starfsfólk var meðvitað um dagamun á andlegri líðan og var hvetjandi hvert við annað til að stytta sér stundir í frítíma með alls kyns hugmyndum eins og hreyfingu, útiveru, þrjóni og hlusta á tónlist/sögur. Nánast ekkert var um veikindi almennt hvorki hjá starfsfólki né börnum, hvort sem átt er við COVID-19 né önnur veikindi. Minna álag og áreiti á starfsfólk hafði greinilega góð áhrif á heilsu þeirra.



„Þegar á leið varð ég vör við faglega niðursveiflu hjá mér sjálfri og tilgangsleysi við að byrja á nýju verkefni. Meðvitað tók ég ákvörðun í að snúa þessu við, tókst ágætlega“.

Á COVID-19 tímabilinu leitaði starfsfólk Rauðhóls leiða til að koma jákvæðni út í samfélagið. Má þar nefna að streyma vinafundum og hreyfistundum á opinni Facebook síðu Rauðhóls. Jákvæð viðbrögð bárust víða úr samfélaginu þar sem margir fylgdust með út um allt land. Foreldrar sem voru heima með börnin sín þann daginn lýstu ánægju sinni með þetta fyrirkomulag. Starfsfólk gaf sér tíma til að hugleiða hvað það var þakklátt fyrir sem síðan var skráð og sett í glugga skólans ásamt því að málaðar voru uppörvandi setningar fyrir nærsamfélagið.

3 Innra mat

Við leikskólann er starfandi matsteymi en það er skipað nokkrum deildarstjórum, kennurum, verkefnastjórum og einu foreldri eða alls átta manns. Teymið fundar reglulega og útbýr matslista til að meta innra starf, starfsaðferðir og aðstöðu í skólanum. Þessir listar eru lagðir fram fyrir starfsfólk skólans til útfyllingar. Í framhaldi af þeirri vinnu eru listarnir yfirfarnir og umbótaáætlun útbúin. Sett hefur verið fram langtíma áætlun við framkvæmd innra mats.

Deildarstjórar í leikskólanum Rauðhól leggja áherslu á að vinna faglega og af þekkingu að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við hugmyndafræðilegar áherslur leikskólans. Það krefst þróunar lærdómssamfélags og leiðtogaþæfni að mannauður sé nýttur og horft sé á styrkleika bæði barna og fullorðinna. Jafnframt er mikil áhersla á samvinnu og uppbyggileg samskipti allra sem að leikskólastarfinu koma; stjórnenda, deildarstjóra, starfsfólks, foreldra og barna.

Við stofnun skólans var lögð áhersla á að eiga faglega gagnrýna umræðu til að móta skólastarf Rauðhóls. Með því skapaðist sameiginleg sýn og viðhorf til stefnu skólastarfsins sem er í sífældri þróun og endurskoðun ásamt því að hugmyndafræðin hefur dýpkað. Þessi sýn á stefnu skólastarfsins hefur haldið áfram að þróast. Með fundum og símenntun þar sem starfið er ígrundað eflist sameiginleg sýn starfsmanna á fræðilega og faglega þætti skólans.



3.1 Innra mat í Rauðhól skólaárið 2019 – 2020

Matsþáttur	Markmið (Tækifæri til umbóta)	Leiðir að markmiðum (Aðgerðir til umbóta)	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Ávinningur markmiða (Viðmið um árangur)	Nádust markmið
1 Stjórnun							
Starfsáætlun, áætlanir, starfsmanna- handbók, nýliðafræðsla	-Starfsmanna- handbók uppfærð -Starfslýsing innleidd -Mótuð verði stefna um nýliðafræðslu - Útbúin: - Jafnréttis- áætlun - Eineltisáætlun - Starfsáætlun	-Starfsmanna- handbók verður endurbætt í samræmi við nýja skóla- námskrá - Innleiðing starfslýsingar fyrir allt starfsfólk -Útbúið verður fræðsluefni um stefnu og starfshætti leikskólans fyrir nýliða og fræðslu- herferð ýtt úr vör. -Áætlanir útbúnaðar	Skólaár 2019- 2020	Leikskóla- stjóri Aðstoðar- leik.st. Verkefna- stjórar	Unnið jafnt og þétt allt skólaárið af verkefna- stjórum	- Uppfærð starfsmanna- handbók tilbúin í júní - Ný starfslýsing verði hluti handbókar - Fræðsluefni fyrir nýliða tilbúið og fræðsla hafin í apríl - Jafnréttis- áætlun og eineltisáætlun tilbúnað í september 2019 - Starfsáætlun tilbúin í lok júní 2020	- Ný uppfærð starfs- manna- handbók var tilbúin í júní 2020. Hún inniheldur m.a. - Starfs- lýsingu Rauðhóls, -jafnréttis- áætlun, -eineltis- áætlun -ásamt ýmsu fræðandi efni fyrir nýliða - Starfs- áætlun fyrir skólaárið 2020-21 var tilbúin í lok júní - Ekki náðist að hefja nýliða- fræðslu og því er hún sett í umbóta- áætlun fyrir næsta skólaár
Handleiðsla	Innleiða stefnu Reykjavíkur- borgar um handleiðslu í	Deildarstjórar fái reglulega tækifæri til handleiðslu	Skólaárið 2019- 2020	Stjórnendur og verkefna- stjórar	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Öruggari og faglegri deildastjórar	Ekki náðist að hefja innleiðingu á stefnu



Fundagerðir: Deildafundir	starfi fyrir deildastjóra						RVK-borgar um handleiðslu deildastjóra sem fer því í nýja umbóta-áætlun
	Að upplýsingaflæði innan deilda sé skilvirkara	Fundagerðir ritaðar í þar til gerða bók á hverri deild fyrir sig	Skólaárið 2019-2020	Deildarstjórar	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Fundagerðir aðgengilegar á hverri deild fyrir sig	Fundagerðir eru aðgengilegar á hverri deild Í þar til gerðri möppu
	Að upplýsingaflæði milli deilda og húsa sé skilvirkara	Fundagerðir deilda-stjórafundu séu aðgengilegar á hverri deild fyrir sig og líka settar á fagsíðu Rauðhóls á Facebook	Skólaárið 2019-2020	Deilda-stjórar Aðstoðar-leik.st. Leikskóla-stjóri	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Fundagerðir aðgengilegar á hverri deild fyrir sig og á fagsíðu Rauðhóls	Fundagerðir eftir deildastjóra-fundi koma inná hverja deild og eru settar í þar tilgerðar möppur. Starfsfólk kvittar eftir lestur. Framan greindar fundagerðir hafa ekki verið settar á fagsíðu Rauðhóls.
Heimasíða leikskólans	Heimasíða leikskólans endurspeglar starf leikskólans þar sem hægt er að nálgast hagnýtar upplýsingar, skólanámskrá, skýrslur ofl	Safna saman gögnum og setja á heimasíðu leikskólans	Skólaárið 2019-2020	Aðstoðar-leikskóla-stjóri Verkefna-stjórar	Jafnt og þétt yfir skólaárið	Heimasíða leikskólans sé lifandi og innihaldsrík	Heimasíða leikskólans er ekki komin í það horf sem okkur finnst viðunandi. Þeirri vinnu verður framhaldið á næsta skólaári í samstarfi við UTR



Matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur	Náðust markmið
2. Uppeldis- og menntastarf							
Leikur og nám -lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Að efniviður ýti undir sköpun og ímyndunarafli á útisvæðum	Að endurskoða og auðga efnivið á útisvæðum þar sem opin efniviður sé aðal námsefni og aðgengilegur börnunum	Okt. 2019 Júní 2020	Deildastjórar Verkefnastjórar Matsteymi Útiteymi	Rýnihópar barna þar sem notast er við demanta-aðferðina Matslistar fyrir starfsfólk	Að börnin hafi áhrif á umhverfi sitt (efnivið og viðfangsefni) sem leiðir af sér sjálfstæði og aukinn þroska barnanna	Skapandi efniviður var keyptur og er hann aðgengilegur fyrir börnin
Námssvið leikskólans Heilbrigði og vellíðan	Að börn fái þá hvíld sem hæfir aldri þeirra	Ný hvíldarstefna leikskólans verði innleidd í starfshætti og kynnt foreldrum	Sept. 2019 Feb. 2020	Deildastjórar Verkefnastjórar	Matslistar	Að starfsfólk vinni samkvæmt hvíldarstefnu leikskólans Að foreldrar séu allir upplýstir um hvíldarstefnu Rauðhóls	Já Unnið er eftir hvíldarstefnu leikskólans Foreldrar eru upplýstir um stefnuna
Leikskóli án aðgreiningar	Að áhersla sé lögð á að viðurkenna og virða hvert barn og byggja á styrkleikum þess	Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna í leikskólum Fræðsla á starfsdegi um börn með sérþarfir	Sept. 2019 Apríl 2020	Sérkennslustjórar Verkefnastjórar Leikskólastjóri	Matslistar	Að umhverfið sé aðlagð til að mæta þörfum allra barna og áhersla er lögð á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik	Markmið náðust en þessi þáttur þarf að vera í sífelldu endurmati



Mat á námi og velferð barnanna	Í leikskól- anum er fylgst reglubundið með alhliða þroska barna með fjölbreyttum aðferðum	Starfsfólk fær tækifæri til að kynna sér þær aðferðir sem hægt er að nýta sér við mat á námi barna með námskeiði og fræðslu á starfsdegi Starfsfólk fær tækifæri og svigrúm til að sinna skráningu og mati í undirbúningstímum	Sept. 2019 Maí 2020	Deildarstjórar Sérkennslu- stjórar Leikskólastjóri	Ferilmöppur Íslenski þroskalistinn Hljóm-2	Mat á námi og stöðu barna byggist á samvinnu leikskóla og foreldra	Markmið náðust. Það hefur verið stofnað teymi um nám og þroska barna sem ætlar að útbúa lista með hliðsjón af starfs- háttum leikskólans
---------------------------------------	--	---	------------------------	--	--	--	---

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur	Náðust markmið
Leikskóla-bragur							
Þátttaka foreldra í leikskóla-starfinu og upplýsingamiðlun	Að foreldrar taki þátt í að meta framfarir barns í leikskólanum	Setja spurningu í foreldra-viðtalsblað um hvort það sé eitthvað sem foreldrar vilja að lögð sé áhersla á í að meta framfarir þeirra barn í skólanum	Okt. 2019 Apríl 2020	Deildastjórar Leikskólastjóri	Deildastjóra-fundir Viðhorfs-könnun SFS	Að foreldra-viðtals-blöð séu uppfærð með þessari áherslu	Markmið hefur náðst að hluta en ekki öllu leyti. Verið er að leggja lokahönd á útfærslu



3.2 Innra mat

Veturinn 2018-2019 var mörkuð hvíldarstefna Rauðhóls. Þessi stefna var sett inn í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2019-2020. Í byrjun nóvember 2019 hélt Elísa Guðnadóttir sálfræðingur fyrirlestur um svefnþörf ungra barna fyrir foreldra barna á Litum. Í framhaldi af fyrirlestrinum var stefnan send til allra foreldra á Litum til lestrar. Í mars 2020 voru myndaðir rýnihópar starfsfólks þvert á deildir á Litum. Í hópunum var m.a. stefnan lesin og hún ígrunduð. Á Ævintýrum var stefnan kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundi í nóvember 2019.

Lagðir voru fram matslistar um hvíldarstefnuna fyrir starfsfólk, annars vegar í október 2019 og hins vegar í maí 2020. Samkvæmt niðurstöðum matslistans hefur meirihluti starfsfólks kynnt sér stefnuna og er hlynnt henni. Því þótti tilhlýðilegt að ígrunda hvernig þessi vinna gekk. Hver deild ræddi og skráði hvernig þeim gekk að innleiða hvíldarstefnuna, hvaða leiðir voru farnar og hver upplifun barna og starfsfólks var af stefnunni. Einnig ræddi starfsfólk hvernig deildir um hvernig samstarf við foreldra hefði gengið við innleiðingu stefnunnar.

Umbótaáætlun 2019-2020 í tengslum við Hvíldarstefnu Rauðhóls

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur	Náðust markmið
Námssvið leikskólans							
Heilbrigði og vellíðan	Að börn fái þá hvíld sem hæfir aldri þeirra	Ný hvíldar- stefna leikskólans verði innleidd í starfshætti og kynnt foreldrum	Sept. 2019 Maí 2020	Deildastjórar	Matslistar	Að starfsfólk vinni samkvæmt hvíldarstefnu leikskólans Að foreldrar séu allir upplýstir um hvíldarstefnu Rauðhóls	Unnið er eftir hvíldar- stefnu leikskól- ans Foreldrar eru upplýstir um stefnuna

Hér í framhaldi kemur samantekt frá hverri deild fyrir sig hvernig gekk að innleiða Hvíldarstefnu Rauðhóls, hvaða leiðir voru farnar og hvernig tókst til. Einnig kemur fram hugleiðing um mikilvægi hvíldar fyrir leikskólabörn.



3.3 Guladeild 2019-2020, börn fædd árið 2018.

Hvíldarstefna Rauðhóls

Það þurfti varla að innleiða hvíldarstefnuna á Gulu deild. Börnin eru á þeim aldri að svefn er þeim afar mikilvægur og stór hluti af þeirra daglega lífi í leikskólanum. Ekki voru farnar ákveðnar leiðir því börnin eru mjög viljug að fara í hvíld og sofna. Það hafa orðið breytingar á hvíldinni frá því í byrjun hausts en þá voru börnin mun yngri og þar af leiðandi þreyttari á þessum tíma. Með hækkandi sól og aldri er svefninn aðeins að breytast og styttest.



Starfsfólk upplifir hvíldina á jákvæðan hátt og gengur hún að mestu vel. Ekki er hægt að sjá annað en að börnin upplifi hvíldina vel og þeim líði vel á sínum stað í hvíldinni. Vegna þeirra breytinga sem urðu í verkfallinu og samkomubanninu vegna COVID-19 mátti sjá nokkra erfiðleika fyrir þau að sofna og að ná ró. Það varð einnig þannig eftir að samkomubanni lauk og þau komu öll saman í leikskólann.

Foreldrar hafa tekið hvíldarstefnunni að mestu vel. Deildarstjóri þurfti að ræða við tvo foreldra sem vildu stytta tímann það mikið að starfsfólki fannst það geta komið niður á líðan barnsins. Samtölin voru á léttu nótunum og gengu vel. Í framhaldi af öðru samtalinu var prófað að stytta svefninn niður í klukkutíma og gengur það vel. Deildarstjóri telur að allir foreldrarnir skilji mikilvægi svefns fyrir börnin sín. Áhersla hefur verið lögð á að vera í samskiptum við foreldra í tengslum við hvíldarstefnuna ef börnin eru lengi að sofna á kvöldin. Þá skoða foreldrar með deildarstjóra svefnrútinu barnsins og unnið er að sameiginlegri lausn. Sú vinna hefur gengið mjög vel á Gulu deild.



3.4 Bláadeild 2019-2020, börn fædd árið 2017.

Hvíldarstefna Rauðhóls

Hvernig gekk að innleiða hvíldarstefnu Rauðhóls á deildinni?

Það gekk vel að innleiða hvíldarstefnuna á Bláu deild.

Hvaða leiðir voru farnar?

Öll börn leggjast á dýnu og flest sofna á meðan þau hlusta á rólega tónlist.

Hver er upplifun barna að fara í hvíld?

Börnin eru yfirleitt óþreyjufull að komast í hvíldina. Sum eiga það til að streitast á móti rétt áður en þau sofna en svo detta þau út af.

Hver er upplifun starfsfólks að fara í hvíld?

Starfsfólki þykir hvíldin mjög „kósý“ og gott að komast í rólegheit. Starfsfólkið nær að tengjast börnunum vel í hvíldinni. Sum börn sem vilja jafnvel ekki knús yfir daginn sækjast í þessa nánd í hvíldinni.

Hvernig hafa foreldrar tekið í hvíldarstefnu Rauðhóls?

Margir foreldrar voru á fyrirlestrinum sem var síðastliðið haust um svefnþörf barna. Eftir fundinn komu nokkrir foreldrar og báðu um lengingu á svefntíma hjá sínum börnum. Skilningur á mikilvægi hvíldarinnar er mikill hjá foreldrum. Sumir foreldrar nefna að þeirra barn taki ekki hvíld heima um helgar en sjá hversu mikið þreyttari barnið er virka daga.



3.5 Grænadeild 2019-2020, börn fædd árið 2016 – 2017.

Hvíldarstefna Rauðhóls

Hvernig gekk að innleiða hvíldarstefnu Rauðhóls á deildinni?

Það hafa alltaf öll börn farið á hvíld á deildinni og því ekki um mikla innleiðingu að ræða heldur að halda ótrauð áfram með það sem áður var.

Hvaða leiðir voru farnar?

Hvíldin var áfram tvískipt, innri og fremri hvíld. Innri hvíldin er fyrir þau börn sem sofa lengur en í fremri hvíld eru börn sem eru hætt að sofa eða sofa skemur. Öll börn fara í hvíld og leggjast með sitt teppi og kotta og slaka á.

Hver er upplifun barna að fara í hvíld?

Börnin eru vön að fara í hvíld og alltaf sátt við það. Stundum kemur jafnvel fyrir að spurt er eftir hvíldinni.

Hver er upplifun starfsfólks að fara í hvíld?

Starfsfólki finnst þetta nauðsynleg stund fyrir börnin og flestum finnst þetta mjög notaleg stund.



Hvernig hafa foreldrar tekið í hvíldarstefnu Rauðhóls?

Deildarstjóri upplifir að foreldrar séu almennt jákvæðir gagnvart hvíldarstefnu leikskólans. Það var breyting á því hvernig foreldrar hugsuðu um hvíldina eftir fyrirlesturinn sem haldinn var í vetur. Í kjölfar fyrirlestrar fengu foreldrar tölvupóst um hvíldarstefnu Rauðhóls þar sem áhersla var lögð á mikilvægi hvíldarinnar fyrir börnin. Í kjölfar þess

komu foreldrar þriggja barna sem höfðu nýverið óskað eftir styttingu á svefni barnanna og drógu breytinguna til baka. Foreldrar vita líka að ef þau börn sem að öllu jöfnu eru hætt að taka daglúr en sofna samt, þá fá þau um 30 mínútna svefn því samkvæmt rannsóknnum er ekki æskilegt að vekja börnin þegar þau eru nýsofnuð. Það hafði aðeins borið á óskum frá foreldrum að stytta svefntíma barnanna en það breyttist í kjölfar fyrirlestrarins.

3.6 *Rauðadeild 2019-2020, börn fædd árið 2017.*

Hvíldarstefna Rauðhóls

Hvernig gekk að innleiða hvíldarstefnu Rauðhóls á deildinni?

Innleiðing hvíldarstefnu Rauðhóls gekk vel á Rauðu deildinni. Starfsfólk upplifir að það sé verið að setja þarfir barnanna í forgang og er vel upplýst um stefnuna. Um tólf leytið hefst hvíldin og um tvö leytið er opnað inn í hvíldarherbergi og byrjað að ganga frá hvíldinni, þá vakna börnin sem eru að taka lengsta daglúrinn. Með þessu er ekkert barn á Rauðu deildinni að taka lengri daglúr en í tvær klukkustundir.



Hvaða leiðir voru farnar?

Hvíldarstefnan er rædd á deildarfundum og að auki hefur allt starfsfólk farið í rýnihópa og rætt stefnuna. Starfsfólkið var sammála um að þátttaka í rýnihópum skilaði auknum skilningi á hvíldarstefnunni og þar myndaðist rými til að ræða stefnuna frá mismunandi sjónarhornum.

Hver er upplifun barna að fara í hvíld?

Flest börn upplifa hvíldina sem notalega stund og hvílast vel. Það eru þó börn sem eiga erfitt með að ná ró og einstaka börn vakna illa. Þau börn vakna grátandi og/eða eru lengi að jafna sig. Starfsfólk liggur eða situr og hvílir sig með börnunum í 40 mín. Ef börnin sofna ekki á þeim tíma, þá er þeim boðið að fara fram með starfsfólki.



Hver er upplifun starfsfólks að fara í hvíld?

Starfsfólki Rauðu deildarinnar finnst gott að fara í hvíld og eiga náðarstund með börnunum þar sem bæði starfsfólk og börnin fá hlé frá því áreiti sem fylgir því að vera í leikskóla. Starfsfólkið hefur haft orð á því á deildarfundum að þeim finnst mörg börn þurfa aðstoð við hvíldina þ.e.a.s. þurfa að hafa kennara við hliðina á sér til þess að ná ró. Starfsfólk er misjafnlega öruggt með að ræða hvíldarstefnuna við foreldra en hafa komið til deildarstjóra og látið vita þegar foreldrar vilja stytta daglúrinn hjá börnunum sínum.

Hvernig hafa foreldrar tekið í hvíldarstefnu Rauðhóls?

Flestir foreldrar eru jákvæðir gagnvart hvíldarstefnunni og sýna því skilning að jafnvel þó börnin þeirra séu ekki að taka daglúra heima þá býður leikskólinn upp á annars konar umhverfi þar sem áreiti og athafnir getur leitt til aukinnar þreytu. Aðrir foreldrar eru orðnir þreyttir á því að þurfa að svæfa börnin sín á kvöldin eða lýsa því að börnin nái ekki ró fyrr en seint um kvöldið ef þau fá að sofa eins lengi og þau þurfa í hvíldinni. Það er mjög misjafnt hversu móttækilegir foreldrar eru þegar deildarstjóri fer í gegnum þá punkta sem gætu aðstoðað með nætursvefninn. Lögð er rík áhersla á að foreldrar upplifi að þetta sé samstarfsverkefni þar sem velferð barnanna þeirra er í forgangi.



3.7 Ævintýrahóll 2019-2020, börn fædd árið 2015.


Hvíldarstefna Rauðhóls

Hvernig gekk að innleiða hvíldarstefnu Rauðhóls á deildinni?

Það gekk vel. Börnin þekkja ekki annað en að fara í hvíld eftir hádegismat.

Hvaða leiðir voru farnar?

Á Ævintýrahól er lagt upp með að börnin komi sér vel fyrir á dýnum og hlusti á sögu. Börnin mega sitja ef þau vilja það frekar. Leitast er eftir að heyra frá börnunum hvaða sögur þeim finnst skemmtilegar til þess að gera hvíldina ánægjulegri. Sumir eru órólegir og er þá gripið til þess ráðs að bjóða þeim að hafa plúskubba ef þau vilja. Fyrir COVID-19 tímabilið fengu þau að ráða hvort þau vildu hafa bangsann sinn að heiman eða plúskubba. Börnin hafa einnig notið þess að hlusta á stutta hugleiðslu og það var gott „start“ inn í hvíldina því þá voru þau búin að ná hugarró og hlustuðu svo í framhaldinu á sögu.



Hver er upplifun barna að fara í hvíld?



Flest öll börnin vilja fara í hvíld en það eru stundum eitt til tvö börn sem segjast ekki vilja fara og hafa kvartað heima undan hvíldinni. Starfsfólk telur þetta vera hugarfar sem þau hafa tamið sér, að það sé ekki gaman að þurfa vera nokkurn veginn kyrr. En svo eru þau að hlusta á sögu og fatta ekki að þau eru að ná hvíldinni sem leitast er eftir að þau nái. Þegar hvíldin er búin þá heyrir stundum „þetta var skemmtileg hvíld“. Þeim þykir vissulega ekki alltaf gaman, en þannig er það í þessu lífi, það er ekki allt skemmtilegt þó að alltaf sé reynt að ná til þeirra og gera hvíldina sem skemmtilegasta.

Hver er upplifun starfsfólks að fara í hvíld?

Starfsfólki þykir hvíldin mikilvægur tími dagsins svo að bæði börn og starfsfólk nái að róa hugann og núllstilla sig til þess að geta klárað daginn. Hvíldin getur einnig verið misjöfn eftir dögum, barnahópurinn er misjafnlega stemmdur fyrir henni. T.d. virðist vera meira fjör í hópnum á mánudögum og þegar þau hafa ekki farið í útiveru fyrir hádegi.



Hvernig hafa foreldrar tekið í hvíldarstefnu Rauðhóls?

Á Ævintýrahól hefur enginn kvartað en sumir foreldrar nefna að barni sínu þygi ekki gaman í hvíld. Reynt er eftir fremsta megni að ná til þeirra barna og leyfa þeim að hafa áhrif á hvíldina, s.s hvaða sögu skal hlustað á eða hvort þau vilji fá plúskubba. Einnig mega þau ráða hvort þau sitji eða liggi. Aðal atriðið er að þau komi sér vel fyrir og nái ró.



3.8 Ævintýralundur 2019 – 2020, börn fædd árið 2016.

Hvíldarstefna Rauðhóls

Í vetur hafa börnin á Ævintýralundi yfirleitt lagst á dýnu og hlustað á sögu eða tónlist. Fyrir í vetur var farið með þau börn sem máttu sofna eða voru gjörn á að sofna inn í Ævintýranótt. Þar sváfu þau yfirleitt í 30-40 mín á dag í friði og ró. Ef tók eru á er lesið í litlum hópum til að gera ekki alltaf það sama. Markmiðið er að þau séu á dýnunum sínum og trufla ekki aðra á meðan þau eru að hlusta. Þau geta valið að vera með plúskubba á meðan á hvíldinni stendur.

Börnunum finnst þetta stundum langur tími og eiga það til að leggja fram kvörtun heima við. En deildarstjóri telur að þeim finnist samt gott að leggjast aðeins og slaka á. Á COVID-19 tímanum var notast við hugleiðsluna Heillastjarna og gekk það mjög vel. Hugleiðslan er stundum notuð eftir kaffi eða fyrir samverustund til að róa hugann. Starfsfólk getur vel hugsað sér að nota hana áfram.



3.9 Ævintýraland 2019-2020, börn fædd árið 2014.

Hvíldarstefna Rauðhóls

Hvernig gekk að innleiða hvíldarstefnu Rauðhóls á deildinni?

Mjög vel, börnin hafa verið svo lengi í Rauðhól og eru flest farin að finna sjálf hvað það er gott fyrir þau að slaka aðeins á eftir hádegismatinn. Starfsfólkið var duglegt að finna spennandi sögur og slakandi tónlist til að nota. Einnig var börnunum gefið tækifæri til að tjá sig um hvernig þau vildu hátta hvíldinni. Komu þau oft með hugmyndir sem voru prófaðar og framkvæmdar.

Hvaða leiðir voru farnar?

Dregið var fyrir glugga, ljós slökkt eða birta minnkuð og reynt að skapa rólega stemningu. Börnunum var boðið að fá dýnur til að liggja eða sitja á. Einnig mátti sitja eða liggja í sófanum ef það var pláss og svo var stór mjúk motta á gólfinu sem þau gátu verið á. Stundum fengu börnin að teikna eða spila rólegt spil meðan á hvíldinni stóð. Vinsælt var að fá að hafa nokkra plúskubba eða legókubba hjá sér meðan hlustað var á sögu og hafði það góð áhrif á börnin. Sumum fannst notalegt að leyfa öðrum að greiða hárið sitt og sumir vildu fá að



dunda sér að greiða og skreyta hár vina og/eða kennara. Mörgum fannst notalegt að puttaprjóna í hvíld. Einnig var hvíld tekin úti á palli og fannst börnunum það notalegt í góðu veðri. Allir tóku hvíld en misjafnt hvar og hvernig börnunum fannst best að vera og fengu þau val. Starfsfólkið las stundum framhaldsbækur fyrir börnin, reglulega var stoppað og börnunum gefið tækifæri á að segja frá því sem var lesið eða þau spurð spurninga. Einnig var notast við Storytell smáforritið og Hljóðbókasafnið þar sem finna má framhaldssögur. Þá var stoppað milli



Starfsfólkið hefur verið duglegt að dreifa sér um deildina og vera nálægt og til staðar fyrir þau börn sem þess þurfa.

Hver er upplifun barna að fara í hvíld?

Þegar börnin voru spurð út í hvíldina höfðu þau þetta að segja:

„Gaman að hlusta á framhaldssögu“. „Rólegt og líður vel“. „Gaman því við erum með plúskubba“. „Gaman út af því ég er eiginlega alltaf svo þreyttur. Líður þægilega í hvíldinni“. „Ég er stundum þreyttur og stundum finnst mér gaman að leika í plúskubbum og legó í hvíld“. „Gott að sofa af því mig dreymir“. „Kósý það er bara svo rólegt og lítill hávaði þá“. „Gott að hlusta þegar kennarinn les skemmtilega sögu fyrir okkur“. „Best að hlusta á sögu á Hljóðbókasafninu“.

Jón Bjarni og Jón Oddur er eftirminnilegust hjá flestum og þótti þeim hún mjög skemmtileg. „Soldið pirrandi út af því mér finnst miklu skemmtilegra að kennari les heldur en að hlusta á sögu á Hljóðbókasafninu því þá fæ ég að sjá í bókina, gaman að sjá myndirnar í sögunum“. „Gaman því stundum er ég þreyttur og þá er gott að hvíla sig“. „Gaman því þá hlustum við á einhverja sögu“. „Stundum langar okkur ekki til að fara í hvíld því þá þurfum við stundum að ganga frá og hætta að leika okkur“. „Nennum ekkert alltaf að vera ganga frá búningunum, væri gott að geta farið í hvíld annars staðar og þurfa ekki að ganga frá til að komast í hvíld“.



Hver er upplifun starfsfólks að fara í hvíld?

Starfsfólki hefur þótt góð regla að hafa þessa rólegu stund eftir hádegi, með hvíld næst að róa börnin niður og æfa þau í hlustun og slökun.

„Það var dásamlegt að sjá hvernig sum börn komust í algjört flæði í að teikna meðan þau hlustuðu á sögur“.

„Þetta er góð leið til að brjóta daginn upp, sérstaklega ef mikið hefur verið um læti eða árekstra hjá börnunum um morguninn þá ná þau oft að byrja uppá nýtt eftir hvíld með betri samskiptum sín á milli“.



Hvernig hafa foreldrar tekið í hvíldarstefnu Rauðhóls?

Hvíldarstefna Rauðhóls var kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundi í nóvember 2019 og var henni vel tekið. Foreldrar hafa verið mjög jákvæðir fyrir því að börnin fari í hvíld á hverjum degi og áberandi hvað þeir voru spenntir fyrir hugleiðslunni. Foreldrar tjáðu sig um hversu gaman það væri að heyra börnin segja frá framhaldssögunum sem þau eru að hlusta á í hvíldinni.



3.10 Ævintýradalur 2019-2020, börn fædd árið 2014.

Hvíldarstefna Rauðhóls

Á Ævintýradal eru elstu börnin í leikskólanum. Starfsfólkið telur hvíld eða rólegan tíma í hádeginu vera nauðsynlegan fyrir börn og kennara. Hlutverk starfsfólks er að hlúa að börnunum og skapa aðstæður til að börnin fái smá slökun og ró í líf sitt með því að kúpla sig út og hvíla hugann. Einstaka barn hefur verið með mótþróa gagnvart hvíldinni en þá aðallega í formi þess að spyrja „verður hvíld í dag?“ en þegar á hólminn er komið taka þau öll fagnandi á móti smá áreitislitlum tíma.

Hvíldin hefur verið í því formi að öll börn fá dýnu til að leggjast á en hafa svo val um að fá koddar og teppi. Reynt er að fá þau til að liggja kyrr á dýnunni en sumum börnum gengur það verr en öðrum. Ef börnin eiga mjög erfitt með að liggja og vera kyrr þá geta þau fengið nokkra plúskubba eða einhverja litla hluti í hendurnar sem geta hjálpað þeim við að ná ró. Hlustað er á sögur eins og Skilaboðaskjóðuna, Dýrin í Hálsaskógi, Bláa hnöttinn og þess háttar, einnig eru spiluð fyrir þau róleg íslensk dægurlög. Það hefur alveg komið fyrir að hvíldin eða rólega stundin hefur verið í öðru formi eins og lestrarstund eða rólegum leik en starfsfólk er sammála um að börnin ná mestu og bestu hvíldinni ef þau fá dýnu og hlusta á sögu eða dægurlög. Einstaka börn hafa sofnað í vetur og þegar það er borið upp við foreldrana taka þau því fagnandi og eru glöð með að börnin þeirra nái góðri slökun yfir daginn. Foreldrarnir eru meðvitaðir um að börnin þeirra eru í stórum barnahópi (26 börn á Dalnum þetta árið) og miklu áreiti allan daginn í leikskólanum. Þegar deildin er í Björnslandi hefur helmingur farið í hvíld þar sem legið er á dýnu og hlustað á sögu eða tónlist en lesin er bók fyrir hinn helming barnahópsins. Það er alltaf hópur barna sem sækir í að fara í hvíldina þar sem legið er á dýnu og hlustað á sögu eða tónlist. Þau er farin að þekkja það hversu gott það er fyrir líkamann og hugann að fá smá hvíld.

Kennarahópurinn á Ævintýradal er einstaklega samstíga og það var sameiginlegt markmið þeirra í haust að leggja áherslu á að ná góðri hvíld á hverjum degi. Kennarar voru sannfærðir um að það myndi skila rólegum og endurnærðum börnum sem væru tilbúnari í það starf sem biði þeirra eftir hádegi. Það reyndist sannarlega rétt og hafa bæði börn og kennarar grætt á hvíldarstundunum eftir hádegismat. Það er mat kennara að það hafi tekist einkar vel að innleiða hvíldarstefnu Rauðhóls inni á Ævintýradal. Það er ósk kennaranna að tíminn á milli kl 12:15 og 13 verði gerður „heilagur“ og þá eigi að vera ró í húsinu. Það hefur því miður ekki gengið nógu vel í vetur.



3.11 Ævintýraeyja 2019-2020, börn fædd árið 2015.

Hvíldastefna Rauðhóls

Ævintýraeyja er með hvíld eða rólega stund eftir hádegismatinn. Stundin hefst um kl.12:00 og er í um það bil 30 - 40 mín. Börnin velja sögu sem hlustað er á og stundum er hlustað á rólega tónlist. Í hvíldinni fær hvert barn dýnu til að liggja á og teppi ef það vill. Stundum er börnunum boðið upp á að vera með eitthvað í höndunum, ef þörf þykir á því, til dæmis plúskubba eða bangsa sem þau koma með að heiman. Ef barn vill hafa kennara hjá sér í hvíld er það í boði og eru alltaf að minnsta kosti 2 kennarar í hvíldinni.



Kennarar telja að upplifun barnanna á hvíldinni sé jákvæð og hún geri þeim kleift að draga sig aðeins í hlé frá stanslausum samskiptum við aðra þann tíma sem þau eru í leikskólanum. Þau fá einnig gott tækifæri til slökunar og stundum dotta þau eða jafnvel sofna í smá stund. Kennarar eru jákvæðir fyrir hvíldarstund og foreldrar hafa verið glaðir með að börnin fari í hvíld og láta oft vita ef barn má sofna eða að það hafi farið seint að sofa eða vaknað snemma þann daginn.



3.12 Björnslundur 2019 -2020, börn fædd árið 2014 – 2016.

Hvíldarstefna Rauðhóls

Í Björnslundu fara öll börnin í hvíld en kennarar taka eftir að þau þurfa á því að halda eftir mikla útiveru og hreyfingu í öðruvísi umhverfi en þau eru vön. Börnin geta annars vegar valið um að fara í innri hvíld og verið inni í herbergi þar sem þau hvíla sig á dýnu og fá teppi og kodd. Hins vegar geta þau verið í fremri hvíld sem er í alrými deildarinnar en þar sitja börnin í sófanum eða á gólfinu. Í innri hvíld er oftast boðið upp á sögu eða rólega tónlist og mörg börn ná mikilli ró og sum sofna. Í fremri hvíld er lesin bók eða sögð ævintýri en þar er oftast meiri erill þar sem verið er að ganga frá eftir hádegismatinn á sama tíma. Mismunandi er eftir deildum í hvora hvíldina börnin fara. Flestar deildir bjóða börnunum að velja hvort þau vilji vera í fremri eða innri hvíld, en starfsfólk er líka duglegt að meta hvaða börn þurfa meiri slökun eða svefn. Ef erfiðlega gengur að fá börnin til að fara í aðra hvíldina þá hafa deildirnar gripið til þess að skipta börnunum eftir dögum.



Kennarar ræddu við börnin í upphafi skólaárs um að allir færu í hvíld og það væru bara tvær mismunandi leiðir í boði. Elstu börnin eru mjög jákvæð gagnvart því að fara í innra herbergið á meðan næst elsti árgangurinn vill frekar



vera frammi. Deildarstjóri upplifir að flestum þyki gott að komast í hvíld og að slaka aðeins á. Einnig að sum börn, sérstaklega þau yngri, eigi erfiðara með að fara í hvíld í innra herberginu í upphafi skólaársins og er það líklega þar sem um lokað herbergi er að ræða en börnin á Ævintýrunum eru vön að vera öll saman í einu opnu rými. Starfsfólk er jákvætt varðandi hvíldina og það er einnig mat deildarstjóra að foreldrum þyki hvíldarstefna leikskólans jákvæð og nauðsynleg fyrir börnin.



4 Ytra mat

Um mánaðarmótin nóvember desember 2019 fór fram ytra mat á starfi leikskólans á vegum skóla- og frístundasviðs (SFS). Út frá niðurstöðum matsins var útbúin umbótaáætlun sem mun verða til viðmiðunar á innra mati skólans næsta skólaár.

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/að ferðir?	Viðmið um árangur
1. Stjórnun							
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Unnið sé eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna.	Útbúið verður fræðsluefni um stefnu og starfshætti leikskólans fyrir nýliða og fræðsluherferð ýtt úr vör Nýliðar munu fara á nýliðafræðslu á vegum SFS	Leikskóla stjóri, aðstoðar-leikskóla-stjórar, verkefna-stjórar	Apríl 2020	Júní 2021	Gátlisti	Fræðsluefni og verklagsreglur tilbúnar fyrir nýtt starfsfólk Allir nýliðar hafi sótt fræðslu hjá SFS
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Starfsfólk þekkir til verklagsreglna um tilkynningaskyldu til barnaverndar nefnda.	Útbúnað verður verklagsreglur um tilkynningaskyldu til barnaverndar nefnda. Þær kynntar á starfsmannafundi í maí 2020. Ásamt því að vera aðgengilegar í starfsmannahandbók	Leikskólastjóri	Mars 2020	Maí 2020	Gátlisti	Að til séu verklagsreglur og að starfsfólk þekki þær
	Áætlun byggð á læsisstefnu verði gerð og unnið eftir henni.	Stofnað verður læsisstefni sem markar læsisstefnu	Læsisstefni og deilda-stjórar	Mars 2020	Júlí 2020	Gátlisti	Læsisstefna Rauðhóls tilbúin



MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2. Uppeldis- og menntastarf							
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Í samvinnu við börn sé leitast við að taka þátt í samfélags- verkefnum, s.s. umhverfis- vernd og góðgerðar- starfsemi	Útbúin verður áætlun um vinnu í tengslum við samfélags verkefni í samstarfi við börnin	Úti- teymi og deilda- stjórar	Okt. 2022	Júní 2023	Gátlisti Rýnihópur barna	Þátttaka í samfélagsverk efni sé gerð skil í endurskoðaðri skólanámskrá
Námssvið leikskólans	Ritmál sé sýnilegt innan leikskólans	Merkja efnivið með bók- stöfum og myndum Setja upp bókstafi og tölustafi á allar deildir	Læsis- teymi og deilda- stjórar	Mars 2020	Ágúst 2020	Ljósmyndir	Að allur efniviður sé merktur með myndum og orðum. Að bókstafir og tölustafir séu sýnilegir á öllum deildum
	Unnið sé markvisst að eflingu læsis í víðum skilningi og það endurspeglar bæði í námskrá, áætlun um læsi og í starfi	Læsis- stefna Rauðhóls verður dýpkuð sem endur- speglar á öllum deildum	Læsis- teymi og deilda- stjórar	Okt. 2020	Júní 2023	Gátlisti Rýnihópur barna	Í endur- skoðaðri skólanámskrá verði endurbætt læsistefna Rauðhóls
Mat á námi og velferð barna	Áætlun verði gerð um mat á námi og velferð barna	Útbúið verði viðmið um mat á námi og þroska barna út frá stefnu Rauðhóls	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda- stjórar	Okt. 2020	Nóv. 2021	Gátlisti	Ný og endurskoðuð viðmið um mat á námi og þroska barna verði tilbúin
	Reglulegar skráningar séu gerðar á framförum allra barna	Útbúin verði aldurs- tengd viðmið um	Teymi um mat á námi og þroska barna og	Okt. 2020	Nóv. 2021	Gátlisti	Skráningar eru reglulegar út frá nýrri áætlun um mat á námi og velferð barna



		skráning- gar á framför barna	deilda- stjórar				
	Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar á námi og stöðu barna	Útbúin verði matslisti á námi og stöðu barna út frá starfs- aðferðum Rauðhóls sem verður viðbót við það sem nú þegar er gert	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda- stjórar	Okt. 2020	Okt. 2021	Ferilmöppur Smábarnalist- inn Íslenski þroskalistinn EFI-2 Hljóm-2 (TRAS) Matslisti Rauðhóls á námi og þroska barna	Notast er við fjölbreyttar aldurs og þroskatengdar matsaðferðir á námi og stöðu barna
	Börn taki þátt í að meta nám sitt	Notast verður við broskalla og demanta- aðferð með börnunum	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda- stjórar	Okt. 2020	Okt. 2023	Gátlisti	Í endurskoðaðri skólanámskrá verður þessum þætti gerð skil
	Börn fái tækifæri til að setja sér markmið	Sett verður inn í foreldra- viðtalsfor- mið umræðu- punktur um markmiða- setningar barna	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda- stjórar	Okt. 2020	Okt. 2021	Gátlisti	Í árlegum foreldravið- tölum verði skráð niður þau markmið sem barnið hefur sett sér í samvinnu við foreldra
	Skráningar séu nýttar til að gera sýnilega styrkleika, áhuga og getu barnanna og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim	Fá fyrirlestur og fræðslu fyrir starfsfólk um skráning- ar	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda- stjórar	Sept. 2021	Júní 2022	Gátlisti	Markvisst sé verið að nýta skráningar í starfi með börnum



MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
3. Leikskólabragur							
Velferð og líðan barn	Börn séu þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við	Að starfsfólk tileinki sér að vinna í samræmi við þau einkunnarorð sem sett hafa verið fyrir skólann vinátta, virðing, vellíðan Að starfsfólk leiðbeini og kenni börnunum að tileinka sér þessi einkunnarorð í dagsins önn	Deilda-stjórar	Sept. 2022	Júní 2023	Ljósmyndir Rýnihópar barna Gátlisti	Að börn og starfsfólk sé sátt við þau samskipti sem þau eiga í leikskólanum
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Fundir foreldraráðs séu boðaðir með dagskrá og fundargerðir séu aðgengilegar á heimasíðu leikskólans	Með nýju og breyttu vefumhverfi sem er einfalt og aðgengilegt munu fundir vera boðaðir með dagskrá og aðgengilegir á heimasíðu leikskólans Unnið verður að þessu í samstarfi við UTR Leikskólastjóri boði ávallt fundi með dagskrá og Foreldraráð skrái ávallt fundagerð	Leikskólastjóri og foreldraráð	Apríl 2020	Júní 2020	Gátlisti	Fundargerðir verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans



MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
4. Innra mat							
Skipulag og viðfangs-efni	Í skóla-námskrá sé fjallað um hvernig markmið leikskólans séu metin	Útbúin verði gátlisti sem verkefna-stjórar geta nýtt sér til að meta markmið sem sett hafa verið fyrir leikskólann	Verkefna-stjórar	Sept. 2022	Júní 2024	Gátlisti	Í uppfærðri skólanám-skrá kemur fram hvernig markmið leikskólans eru metin
	Fyrir hvert markmið séu skilgreind viðmið um árangur sem stefnt er að	Viðmið um árangur verða skilgreind og sett á gátlista	Verkefna-stjórar og matsteymi	Sept. 2022	Júní 2024	Gátlisti	Í uppfærðri skólanám-skrá koma fram skilgreind viðmið um árangur sem stefnt er að
Opinber birting og umbætur	Í greinargerð um innra mat sé greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta	Setja inn í umbóta-áætlun greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta	Leikskóla-stjóri, aðstoðar-leikskóla-stjórar og verkefna-stjórar	Apríl 2020	Júní 2020	Gátlisti	Innra mat inniheldur greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta
	Í umbóta-áætlun séu skilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru	Setja inn í umbóta-áætlun markvissar aðgerðir til að ná markmiðum sem ekki hafa náðst	Leikskóla-stjóri, aðstoðar-leikskóla-stjórar og verkefna-stjórar	Apríl 2020	Júní 2020	Gátlisti	Umbótaáætlun inniheldur skilgreindar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst



5 Langtímaáætlun um innra mat í leikskólanum Rauðhól

Viðfangsefni	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Stjórnun			
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x	
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x		
Faglegt starf	x		
Leikskólaþróun og starfsþróun		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur		x	
Uppeldis- og menntastarf			
Skipulag náms og námsaðstæður		x	
Uppeldi, menntun og starfshættir		x	
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna			
Námssvið leikskólans	x		x
Leikskóli án aðgreiningar			x
Mat á námi og velferð barna	x		x
Mannauður			
Hlutverk leikskólakennarar	x		
Fagmennska starfsfólks – SFS		x	
Starfsánægja – SFS		x	
Leikskólabragur			
Viðmót og menning		x	
Velferð og líðan barna	x		x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu og upplýsingamiðlun		x	
Viðhorf foreldra – SFS	x		x
Innra mat			
Framkvæmd	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x
Opinber birting og umbætur	x	x	x

6 Innra mat skólaárið 2020-2021

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1. Stjórnun							
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Unnið sé eftir verklags-reglum um móttöku nýrra starfsmanna	Útbúið verður fræðsluefni um stefnu og starfshætti leikskólans fyrir nýliða og fræðsluherferð ýtt úr vör	Leikskóla-stjóri, aðstoð-arleik-skóla-stjórar, verk-efna-stjórar	Apríl 2020	Júní 2021	Gátlisti	Fræðsluefni og verklags-reglur tilbúnar fyrir nýtt starfsfólk
Handleiðsla	Innleiða stefnu Reykjavíkur-borgar um handleiðslu í starfi fyrir deilda-stjóra	Deilda-stjórar fáí reglulega tækifæri til handleiðslu	Leikskól astjóri Aðstoð-arleik-skóla-stjórar	Sept. 2020	Maí 2021	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Öruggari og faglegri deildar-stjórar
Faglegt samstarf	Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá skrifstofu SFS	Nýliðar munu fara á nýliða-fræðslu á vegum SFS	Aðstoð-arleik-skóla-stjórar	Okt. 2020	Júní 2021	Gátlisti	Allir nýliðar hafi sótt fræðslu hjá SFS
Heimasíða leikskólans	Heimasíða leikskólans endurspeglar starf leikskólans þar sem hægt er að nálgast hagnýtar upplýsingar, skólanámskrá, skýrslur o.fl.	Safna saman gögnum og setja á heimasíðu leikskólans	Aðstoð-arleik-skóla-stjóri	Sept. 2020	Apríl 2021	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Heimasíða leikskólans sé lifandi og innihaldsrík



MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2. Uppeldis- og menntastarf							
Námssvið leik-skólans	Ritmál sé sýnileg innan leik-skólans	Merkja efnivið með bókstöfum og myndum. Setja upp bókstafi og tölustafi á allar deildir	Læsis-teymi. Deilda-stjórar	Mars 2020	Ágúst 2020	Ljósmyndir	Að allur efniviður sé merktur með myndum og orðum. Að bókstafir og tölustafir séu sýnilegir á öllum deildum
	Unnið sé mark-visst að eflingu læsis í viðum skilningi og það endurspeglar bæði í námskrá, áætlun um læsi og í starfi	Læsisstefna Rauðhóls verður dýpkuð sem endurspeglar á öllum deildum	Læsis-teymi og deilda-stjórar	Okt. 2020	Júní 2021	Gátlisti, Rýnihópur barna	Endurbætt læsisstefna Rauðhóls er tilbúin
Mat á námi og velferð barna	Áætlun verður gerð um mat á námi og velferð barna	Útbúin verða viðmið um mat og nám á velferð barna út frá stefnu Rauðhóls	Teymi um nám og þroska barna, deilda-stjórar	Okt. 2020	Nóv. 2021	Gátlisti	Ný og endurskoðuð viðmið um mat á námi og velferð barna verði tilbúin
	Reglulegar skráningar séu gerðar á framföllum allra barnanna	Útbúin verði aldurstengt viðmið um skráningar á framför barna	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda-stjórar	Okt. 2020	Nóv. 2021	Gátlisti	Skráningar eru reglulegar út frá nýrri áætlun um mat á námi og velferð barna
	Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar á námi og stöðu barna	Útbúinn verði matslisti á námi og stöðu barna út frá starfsaðferðum Rauðhóls	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda-stjórar	Okt. 2020	Okt. 2021	Ferilmöppur Íslenski þroskalistinn EFI-2 Hljóm-2 (TRAS)	Notast er við fjölbreyttar aldurs- og þroska-tengdar matsaðferðir á námi og stöðu barna



		sem verður viðbót við það sem nú þegar er gert				Matslisti Rauðhóls á námi og velferð barna	
	Börn taki þátt í að meta nám sitt	Notast verður við broskalla og demanta-aðferð með börnunum	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda-stjórar	Okt. 2020	Júní 2021	Gátlisti	Vinna við áætlun er hafin
	Börn fái tækifæri til að setja sér markmið	Sett verður inn í foreldra-viðtalsformið umræðu-punktur um markmiðs-setningar barna	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda-stjórar	Okt. 2020	Okt. 2021	Gátlisti	Í árlegum foreldra-viðtölum verði skráð niður markmið barnsins sem það hefur sett sér í samvinnu við foreldra

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
4. Leikskólabragur							
Viðhorf foreldra - SFS	Foreldrar og barn ákveða í sameiningu markmið fyrir skólaárið	Foreldrar ræða markmiðasetningu í foreldra-viðtali	Deilda-stjórar	Mars 2021	Júní 2021	Viðhorfs-könnun SFS	Foreldrum finnst þeir eiga hlutdeild í uppeldi og námi barna sinna í leikskól-anum

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
5. Innra mat							
Skipulag og viðfangsefni	Að starfsfólk tileinki sér starfs-aðferðir starfenda-rannsóknna	Fá fræðslu um starfenda-rannsóknir	Leik-skóla-stjóri, aðstoðar leik-skóla-stjórar	Nóv. 2020	Júní 2021	Gátlisti	Mat og ígrundun leikskóla-kennara og annarra starfs-manna á eigin starfs-



							háttum er liður í daglegu starfi þeirra
Gagnaöflun og vinnubrögð	Gert er ráð fyrir í skóladagatali kynningu á niðurstöðum innra mats	Niðurstöður innra mats eru kynntar á starfsmannafundum	Leikskólastjóri, aðstoðaleikskólustjórar	Sept. 2020	Júní 2021		Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur
Opinber birting og umbætur	Umbótaáætlanir eru ávallt sýnilegar á heimasíðu leikskólans	Ákveðinn ábyrgðaradili sér til þess að það sé gert	Aðstoðarleikskólastjóri	Ág. 2020	Sept. 2020	Gátlisti	Umbótaáætlanir eru settar í upphafi hvers skólaárs á heimasíðu leikskólans



7 Skólaárið 2020-2021

Unnið verður út frá Leyndarmáli Rauðhólsgleðinnar þar sem aðaláherslur þess verkefnis endurspeglast í skólanámskrá Rauðhóls. Þeir þættir munu vera áfram í sífelldri þróun og endurmati. Síðastliðið vor fékk Rauðhóll styrk frá skóla- og frístundasviði í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Þar er áhersla lögð á að færa starfshætti okkar, í flæði og opnum efniviði, á útisvæðin. Þessi vinna fór fram í vetur og mun verða dýpkuð enn frekar á næsta skólaári þar sem skólinn fékk áframhaldandi styrk fyrir þessu verkefni.

Undir leiðsögn læsisteymis Rauðhóls verður á næsta skólaári lögð áhersla á að dýpka og samræma læsisstefnu leikskólans á milli deilda m.t.t. aldurs barnanna. Teymi um mat á námi og þroska mun útbúa aldurstengda lista sem nýtast í foreldraviðtölum og samræmast starfsháttum leikskólans. Stefnt er að því að klára innleiðingu þess að börnin setji sér markmið með foreldrum sínum fyrir foreldraviðtöl. Unnið verður að áætlun um mat barna á eigin námi. Ætlunin er að hefja nýliðafræðslu í samræmi við nýja starfsmannahandbók ásamt því að nýliðar sæki fræðslu hjá SFS. Rauðhóll mun vinna að innleiðingu stefnu Reykjavíkurborgar um handleiðslu í starfi fyrir deildarstjóra. Áframhaldandi vinna verður við heimasíðu leikskólans með það í huga að hún sé virk og innihaldi hagnýtar upplýsingar.

Á skipulagsdögum og starfsmannafundum verður m.a. fengin fræðsla sem tengist umbótaáætlun Rauðhóls skólaárið 2020 - 2021.

8 Ytra mat

Starfsmannakönnun á vegum SFS

Viðhorfskönnun starfsfólks

Á vormánuðum 2020 var framkvæmd starfsmannakönnun á vegum SFS. Svarhlutfall var einungis 23%. Erfitt er að draga ályktun af niðurstöðum þar sem svarhlutfall er mjög lágt. Verfall Eflingarstarfsfólks stóð yfir á þessum tíma og má leiða líkum að því að það gæti haft áhrif á svarhlutfall. Það sem betur má fara mátti finna í spurningunum um starfsmannastöðugleika, vinnuaðstöðu, hæfilegt vinnuálag, upplýsingaflæði og móttöku nýliða. Breyting milli ára er óveruleg. Skoða þarf leiðir að úrbótum í þessum liðum og setja í umbótaráætlun.

Þáttur	2020	2019
Starfsmannastöðugleiki	3,72	3,86
Vinnuaðstaða	4,00	4,18
Hæfilegt vinnuálag	3,81	3,61
Upplýsingaflæði	4,49	4,18
Móttaka nýliða	4,00	4,17

Hámark er 5

Ánægjulegt er að sjá hversu margt starfsfólk er ánægt í starfi og telur stjórnunarhætti árangursríka. Breyting milli ára er óveruleg.

Þáttur	2020	2019
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	4,42	4,29
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	4,44	4,33
Árangursríkir stjórnunarhættir	4,72	4,46
Starfsánægja	4,78	4,53

Hámark er 5

9 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

9.1 Starfsþróunarsamtöl

Í maí og júní tóku skólastjóri og aðstoðarskólastjóri starfsþróunarsamtöl sem fela m.a. í sér væntingar starfsfólks til næsta skólaárs. Þar sem vorönnin þetta árið var mjög óhefðbundin þótti þörf á að taka púlsinn á líðan starfsfólks. Önnin hófst með verkfalli hjá Eflingarstarfsfólki og í framhaldi voru fjölmargar áskoranir sem tengdust COVID-19. Þessar aðstæður höfðu óhjákvæmilega áhrif á líðan starfsfólks. Flest samtölin voru tekin í gönguferðum en hefðin er að þessi samtöl fari fram innandyrna.

9.2 Símenntun skólaárið 2019-2020

Í ágúst voru niðurstöður þróunarverkefnisins Leyndarmál Rauðhóls gleðinnar kynntar fyrir starfsfólki Rauðhóls, starfsfólki skóla- og frístundasviðs ásamt öðrum hagsmunaaðilum. Á skipulagsdögum á haustmánuðum var lögð áhersla á að hlúa að starfsfólki skólans með því að fá fyrirlestra um streitu, þreytu og þrautseigju. Einnig var fyrirlestur um tvítyngi barna þar sem sá þáttur er í umbótaáætlun. Einn starfsdagur fór í kynningu á þróunarverkefninu Leyndarmál Rauðhóls gleðinnar. Kynningin fór fram í málstofu á Menntakviku Háskóla Íslands í október 2019 og bar heitið Flæði í skólastarfi. Þann dag sat allt starfsfólk Rauðhóls hinar ýmsu kynningar á skólastarfi en nýtt starfsfólk var sérstaklega hvatt til að hlýða á kynningu Rauðhóls til að fá góða innsýn í starfið.



Á vorönn var einn skipulagsdagur nýttur til mætingar á ráðstefnu á vegum skóla- og frístundasviðs sem bar heitið „Gott að leika saman - þá fær maður hugmyndir“. Á ráðstefnunni var fjallað um Menntastefnu Reykjavíkurborgar frá ýmsum sjónarhornum. Þar tók starfsfólk Rauðhóls á móti hvatningarverðlaunum skóla- og frístundaráðs fyrir þróunarverkefnið Leyndarmál Rauðhóls gleðinnar. Markmið verðlaunanna er að vekja athygli á góðum verkum og stuðla að nýbreytni- og þróunarstarfi í kennslu leikskólabarna. Einnig hlaut Guðrún Sólveig skólastjóri viðurkenningu fyrir framúrskarandi faglega forystu í starfi leikskólans Rauðhóls.



Sama dag var starfsfólki kynnt góð niðurstaða ytra mats skóla- og frístundasviðs á starfi leikskólans. Óhætt er að segja að þetta hafi verið mikill gleðidagur fyrir starfsfólk Rauðhóls. Með verðlaununum og niðurstöðu ytra matsins fékk starfsfólk staðfestingu og hrós fyrir sitt faglega starf og mega þau vera verulega stolt af sinni vinnu og af skólanum í heild.



Tveir skipulagsdagar áttu að vera á vormánuðum þar sem stefnan var sett á námsferð til Stokkhólms þar sem starfsfólk ætlaði að dýpka sig enn frekar í námsumhverfi og opnum efniviði. Vegna COVID-19 er fyrirhugað að nýta þessa skipulagsdaga á næsta skólaári.

Starfsfólk í námi:

Tveir starfsmenn stunda nám í leikskólakennarafræði við HÍ.

Einn starfsmaður er í leikskólaliðanámi.

Einn starfsmaður lauk B.Ed. námi í grunnskólakennarafræði við HÍ.

Tveir starfsmenn sóttu fagnámskeið 2 fyrir starfsmenn leikskóla hjá Mími.

Einn starfsmaður stundaði nám við FÍH.

Einn starfsmaður stundaði nám í félagsráðgjöf við HÍ.

Einn starfsmaður lauk námi í félagsráðgjöf við HÍ.

Þrír starfsmenn luku raunfærnimati hjá Mími.

Einn starfsmaður stundaði nám í lögreglu- og löggæslufræði við HA.

Einn starfsmaður lauk stúdentsprófi.

Einn starfsmaður stundar nám við FB.

Námskeið/ráðstefnur:

Fimm kennarar sóttu námskeið hjá Endurmenntun HÍ um Tengslavanda barna.

Einn kennari sótti námskeið um TRAS

Einn kennari sótti KVAN námskeið fyrir fullorðna.

Þroskaþjálfari sótti námskeið á vegum Greiningarstöðvarinn sem bar heitið Kennum þeim nýja færni – náttúruleg kennsla.

Tveir þroskaþjálfarar sóttu málþing þroskaþjálfafélags Íslands sem bar heitið Lífið og lögin – upplifun notenda af lögbundinni þjónustu við fatlað fólk

Þrír kennarar sóttu morgunverðarfund RannUng sem bar heitið Faglegir leiðtogar í leikskólastarfi.

Fjórir deildastjórar sóttu leiðtogaskólann á vegum SFS.

Einn erlendur starfsmaður sótti íslenskunámskeið hjá Mími.

Einn erlendur starfsmaður sótti íslenskunámskeið hjá Múltikúlti.

Verkefnastjórar sóttu námskeið á vegum SFS í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ sem bar heitið Sjálfsefning og félagsfærni ásamt því að vera með erindi sem bar heitið Sjálfsefning og félagsfærni í flæði.

Einn þroskaþjálfafi kynnti m.a. sérkennslustefnu Rauðhóls fyrir útskriftarhópi þroskaþjálfanema við HÍ.

Mikil endurmenntun fyrir starfsfólk fylgir því að taka á móti nemum. Á þessu skólaári, eins og undanfarin ár, komu í heimsókn allir fyrsta árs nemar í leikskólafræðum frá Menntavísindasviði HÍ. Þeir fengu kynningu á starfi Rauðhóls ásamt því að skoða skólann og ræða við starfsfólk. Nokkuð margir nemar voru í starfsnámi í Rauðhól en þar má telja fjóra leikskólakennaranema í grunnnámi, þrjá meistaranema í leikskólafræðum, ásamt tveimur þroskaþjálfanemum.

Einnig fólst mikil símenntun fyrir kennara í undirbúningsvinnu fyrir þátttöku í Menntakviku.



10 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Rauðhóls og Norðlingaskóla hefur þróast jafnt og þétt í gegnum árin og er kominn fastur grunnur að því samstarfi. Samvinna er á milli elsta árgangs leikskólans og yngsta árgangs grunnskólans með það að markmiði að kynna umhverfi grunnskólans fyrir leikskólabörnunum. Innangengt er á milli Ævintýra og Norðlingaskóla og teljum við að það sé ávinningur fyrir börnin. Þau aðlagast betur umhverfi grunnskólans og því verður flutningur á milli skólastiga auðveldari. Samstarfið fer meðal annars fram í smiðjum að vori þar sem fyrsta bekk grunnskólans er boðið yfir í leikskólann og elstu börnin okkar fara í heimsókn í grunnskólann. Í smiðjum tökum við fyrir ákveðin verkefni eða þemu, t.d. um húsdýrin, og unnið er á mörgum stöðvum. Sem dæmi má nefna íþróttasal Norðlingaskóla, Björnslund, frístundaheimilið Klapparholt og leik- og kennslustofur Rauðhóls og Norðlingaskóla. Börnunum er skipt upp í smærri hópa og er einn kennari frá hvorum skóla sem halda sameiginlega utan um hvern hóp. Sú hefð hefur skapast að þessir árgangar hittist einnig einn dag í desember og vinni saman verkefni tengd jölunum eins og t.d. að spila, föndra og fara í gönguferðir.

Nálægð Ævintýra og Norðlingaskóla ýtir undir frekari samvinnu þar sem stutt er að fara á milli. Má þar nefna sýningar á vegum nemenda grunnskólans, nýting á íþróttahúsi, heimsóknir á bókasafn skólans ásamt því að fara út á skólalóð. Einnig koma nemendur af miðstigi í leikskólann og lesa fyrir börnin á degi íslenskrar tungu. Í nokkur ár hefur verið samstarf milli Rauðhóls og unglingastigs Norðlingaskóla þar sem Leikskólaval hefur verið í boði fyrir 8.-10. bekk. Leikskólinn tekur þá á móti allt að 10 nemendum unglingastigs í alls 16 tíma yfir önnina og hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Skilafundir eru að vori þar sem deildarstjórar hitta umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópinn. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Norðlingaskóla hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu. Áhugi er fyrir því að efla enn frekar samstarfið á milli Rauðhóls og Norðlingaskóla.

11 Foreldrasamvinna

Lykillinn að vellíðan barna í leikskólanum er farsælt og gott samstarf milli kennara og foreldra. Grunnurinn að þessu samstarfi er lagður með heimsókn til barnanna. Áður en barnið byrjar í leikskólanum fara tveir kennarar saman til að mynda fyrstu tengsl við fjölskylduna á þeirra heimavelli. Með því teljum við að við myndum dýpri og betri tengsl við barnið og foreldrana. Í þessari heimsókn er farið með pappíra til útfyllingar sem eru skildir eftir hjá foreldrum og þeim er skilað í upphafi aðlögunar. Barna eru meðal annars almennar upplýsingar um barnið, samþykki fyrir myndbirtingum af barninu og samþykki fyrir samstarfi milli leikskóla og heilsugæslu. Einnig er aðlögunaráætlun skilin eftir hjá foreldrum.

Í upphafi skólagöngunnar eru foreldrum veittar upplýsingar um að við störfum samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Út frá aðalnámskránni unnum við okkar eigin námskrá og starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Áhersla er lögð á að gefa foreldrum tíma og hlusta vel á hvað þeir hafa fram að færa ásamt því að við veitum þeim ráð oftár en sjaldnar. Mikilvægt er að við berum virðingu fyrir stöðu allra foreldra. Eins að foreldrar séu upplýstir um að virðing sé borin fyrir öllum í skólanum og þeirra aðstandendum og mikilvægt sé að þeir geri það einnig.

Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Að senda glaðlega og innihaldsríka tölvupósta er þar stór þáttur ásamt því að foreldrar fái að skyggast inn í daglegt líf í skólanum. Það er gert með því að senda myndir frá daglegu starfi. Einnig að tími sé vel nýttur þegar verið er að koma með og sækja börnin með því að segja frá einhverjum skemmtilegum atvikum. Eins þarf að komast að samkomulagi við foreldra um hvernig best fari á því að flytja upplýsingar.

Á aðlögunartímabilinu bjóða leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar uppá nokkra fámenna fundi með foreldrum þar sem fram fer létt spjall um leikskólastarfið. Árgangafundir að hausti eru einnig mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Þar er rætt um áherslur í starfi og helstu viðburði skólaársins. Ef upp kemur óánægja hjá foreldrum varðandi eitthvað sem tengist skólanum eða þeirra barni er mikilvægt að setjast strax niður með þeim og leysa úr málunum og fylgja þeim eftir.

Einu sinni á ári er boðið upp á foreldrasamtal þar sem farið er yfir líðan og almennan þroska barnsins. Í því samtali er stuðst við sömu viðmið og innan heilsugæslunnar. Einnig gefst foreldrum kostur á að koma með athugasemdir eða óskir. Þess á milli er kallað á foreldra í samtali þegar þurfa þykir og geta foreldrar líka óskað eftir samtali hvenær sem er.

Útskriftarviðtal fer fram að vori hjá fimm ára börnum ásamt foreldrum. Fyrir viðtalið eru kennari og barn búin að setjast niður og spjalla saman og undirbúa sig fyrir viðtalið. Í viðtalinu er farið yfir hvernig barninu líður í leikskólanum, vinatengsl, hvað því finnst skemmtilegt að gera og hvort eitthvað vanti. Það er hlustað á raddir barnanna í þessum viðtölum og reynt eftir bestu getu að koma til móts við óskir þeirra.



12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar kennara skólaárið 2020-2021 eru eftirfarandi:

Haustönn 2020

Mánudagurinn 17. ágúst – Skipulagsdagur

Þriðjudagurinn 27. október – Málþing um frjálsa leikinn á vegum Félags leikskólakennara

Miðvikudagurinn 18. nóvember - Skipulagsdagur fyrir Norðlingaholt og Árbæ

Vorönn 2021

Mánudagurinn 18. janúar - Skipulagsdagur fyrir Norðlingaholt og Árbæ

Föstudagurinn 5. febrúar - Skipulagsdagur fyrir Norðlingaholt og Árbæ

Miðvikudagurinn 21. apríl – Námsferð til Stokkhólms

Föstudagurinn 23. apríl – Námsferð til Stokkhólms

Mánudagurinn 10. maí – Uppskeruhátíð Menntastefnu Reykjavíkurborgar í Hörpu

Starfsmannafundir skólaárið 2020-2021 eru eftirfarandi:

Miðvikudagurinn 16. september kl. 17 – 19

Miðvikudagurinn 14. október kl. 17 – 19

Miðvikudagurinn 10. mars kl. 17 – 19

Miðvikudagurinn 2. júní kl. 17 – 19



13 Skýrsla sérkennslustjóra

Áhersla er lögð á að það barn sem þarfnast sérkennslu fái hana sem mest innan barnahópsins í daglegu starfi. Þar er barnið eitt af börnunum á deildinni og allir kennarar bera jafna ábyrgð á því. Barnið lærir best í gegnum leik og því mikilvægt að það fái örvun innan hópsins með áherslu á að efla félagsfærni þess. Í gegnum árin hefur því verið veitt athygli að börn sem þarfnast stuðnings blómstra í Björnslundi. Þar virðast þau sýna meira frumkvæði og eiga auðveldara í félagslegum samskiptum. Þar er oft friðsælla, meira rými til leikja og oftast eru börnin í minni hópum. Hið náttúrulega umhverfi vekur forvitni þeirra, þar sem þau eru endalaust að brasa í einhverju og endast lengur í leik. Þessar starfsaðferðir hafa leitt af sér að leikskólinn hefur laðað að sér hæfileikaríkt starfsfólk til að halda utan um þetta starf.

Fagfólk þ.e. leikskólakennarar, þroskaþjálfar og annað uppeldismenntað starfsfólk hefur í gegnum árin að stærstum hluta sinnt sérkennslu. Með því að hafa fagfólk í sérkennslu hefur hlutverk sérkennslustjóra að mestu farið úr því að leiðbeina í að handleiða stuðningsaðila. Sérkennslustjórar funda með deildarstjórum á haustönn og vorönn. Fræðsla og ráðgjöf fer fram á fundum og einnig í daglegum samskiptum við starfsfólk. Lagt er upp úr því að starfsfólk hafi greiðan aðgang að sérkennslustjórum til að sækja ráðgjöf og stuðning

Stuðningsaðilar sjá um gerð einstaklingsnámskrár í samvinnu við sérkennslustjóra. Einstaklingsnámskrár eru nýttar sem leiðarvísir í kennslu barnanna og uppfærðar eftir teymisfundi ef með þarf. Teymisfundir fyrir hvert stuðningsbarn eru haldnir á fjögurra til sex vikna fresti. Foreldrar, stuðningsaðilar, sérkennslustjóri, deildarstjóri og ráðgjafar þjónustumiðstöðvar eru í hverju teymi. Farið er yfir stöðu barnsins, framfarir og áframhaldandi vinnu. AEPS listar eru nýttir til að meta færni barna en niðurstöður hans geta leitt af sér nýja einstaklingsnámskrá.

Símat fer fram allt árið um kring á deildarfundum þar sem farið er yfir stöðu barnanna og er sérkennslustjóri kallaður inn þegar þörf er á. Notast er við íslenska þroskalistann fyrir öll þriggja ár börn og sér sérkennslustjóri um útreikninga og eftirfylgni. Ef þörf þykir á nánari athugun á málþroska barna er notast við EFI-2. Hljóm-2 er tekið á öllum fimm ára börnum í upphafi skólaárs ár hvert. Ef vinna þarf sérstaklega með hljóðkerfisvitund að því prófi loknu er foreldrum leiðbeint með þá vinnu og taka þá ábyrgð á þeirri vinnu í samvinnu við kennara skólans. Það fyrirkomulag hefur gefið góða raun og er matið gert aftur í febrúar til að meta hvort framfarir hafi orðið. Einnig hefur talmeinafræðingur starfað við skólann sem sinnir málörvun tvítyngdra barna þvert á húsin. Ávallt hefur uppeldisstefnan Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar verið nýtt til ráðgjafar fyrir foreldra. Í upphafi sáu sérkennslustjórar um þessa ráðgjöf en í dag sinna deildarstjórar og aðrir kennarar ráðgjöfinni.

Samráðsfundir með ráðgjöfum þjónustumiðstöðvar eru haldnir tvisvar á ári. Á samráðsfundum koma sálfræðingur, félagsráðgjafi, sérkennsluráðgjafi og hegðunarráðgjafi frá þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og funda með sérkennslustjórum. Sérkennslustjórar eru í samskiptum við Greiningarstöð ríkisins, Æfingastöðina, sjúkrahjálfa, talmeinafræðinga og barnavernd eins



og þurfa þykir. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts býður sérkennslustjórum í hverfunum á fund tvisvar á ári.

13.1 Umbótaáætlun vegna sérkennslu skólaárið 2019-2020

Umbóta- þættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur	Náðust markmið
	Unnið verði að gerð áætlunar um málörvun	Fræðsla á skipulagsdög um og námskeið Safna saman þeim gögnum sem til eru í skólanum	Skólaár 2019- 2020	Sérkennslu- stjórar Verkefna- stjórar	Maí 2020 Áætlun sé tilbúin	Áætlun um málörvun sé til í leikskólanum	Áætlun tilbúin
	Unnið verði að gerð áætlunar um snemmtæka íhlutun	Safna saman gögnum sem til eru í skólanum	Skólaár 2019- 2020	Sérkennslu- stjóri Verkefna- stjórar	Maí 2020 Áætlun sé tilbúin	Áætlun um snemmtæka íhlutun sé til í leikskólanum	Áætlun tilbúin
	Unnið verði að gerð áætlunar um málörvun títyngdra barna	-Fyrirlestur frá Sögu Stephensen -Vinna stjórnenda- teymis með Sögu. - Deildarfundir með Sögu	Skólaár 2019- 2020	Sérkennslu- stjórar Verkefna- stjórar	Maí 2020 Áætlun sé tilbúin	Að til sé áætlun um málörvun títyngdra barna í leikskólanum	Áætlun tilbúin Vinna með Sögu Stephensen verður haldið áfram á næsta skólaári



13.2 Umbótaáætlun vegna sérkennslu skólaárið 2020-2021

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
	Unnið verði að innleiðingu áætlunar um málörvun	Fræðsla á skipulagsdegi	Skólaárið 2020-2021	Sérkennslu-stjórar Verkefna-stjórar	Matslistar í upphafi og enda skólaárs	Að starfsfólk þekki verklagsreglur í málörvun leikskólans
	Unnið verði að innleiðingu áætlunar um snemmtæka íhlutun	Fræðsla á skipulagsdegi	Skólaárið 2020-2021	Sérkennslu-stjórar Verkefna-stjórar	Matslistar í upphafi og enda skólaárs	Að starfsfólk þekki verklagsreglur vegna snemmtækra íhlutunar
	Unnið verði að innleiðingu áætlunar um málörvun tvítyngdra barna	Fræðsla á skipulagsdegi ásamt vinnu með Sögu Stephensen	Skólaárið 2020-2021	Sérkennslu-stjóri Verkefna-stjórar	Matslistar í upphafi og enda skólaárs	Að starfsfólk þekki verklagsreglur vegna málörvunar tvítyngdra barna



14 Fylgigögn

14.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

14.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

14.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs

14.4 Fylgiskjal 4 - Skóladagatal

F. h. leikskólans

Guðrún Sólveig
Leikskólastjóri

30. júní 2020.
Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	3	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	0	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	6	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir: GRR, Talstofu, Æfingastöð, HTÍ, heilsugæslan
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Almenn málörvun á deildum
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Ábyrgð deilda
Er fylgst með framförum barnanna?	Nei	Unnin verður áætlun um hvernig fylgst verði með framförum tvítyngdra barna og einstaklingsnámskrá unnin út frá því
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Já	Ábyrgð deildastjóra Skimanir Ísl. þroskalistinn Hljóm-2



Starfsáætlun 2020 – 2021

Leikskólinn Rauðhóll

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Erna Sigurgeirsdóttir

Hrönn Vilhjálmsdóttir

Jón Kristinn Sigurðsson

Magnús Már Magnússon

Þóra Atladóttir



Umsögn foreldraráðs:

Sem fyrr er foreldraráð mjög ánægt með störf leikskólans Rauðhóls. Liðinn vetur er engin undantekning þar á, starfið faglegt og metnaðarfullt eins og önnur ár. Vissulega er um garð genginn erfiður vetur þar sem óveður, verkfall og COVID-19 hafa sett mikinn svip á starfið og reynt á alla hvort sem um ræðir börn, starfsfólk eða foreldra. Stafsfólk leikskólans lagði mikinn metnað í að gera það besta úr stöðunni, og áhugavert að lesa um hvernig áhrifin af COVID-19 voru greind og voru bæði neikvæð og jákvæð hvort sem litið er á börn eða starfsfólk. Foreldraráð vonar að hægt verði að taka það jákvæða og vinna frekar með það, t.d. með tilliti til minni hópa.

Foreldraráð tekur að öllu leyti undir þá skoðun leikskólastjóra að mjög undarlegt er að sá peningur sem úthlutað var úr verkefninu Hverfið mitt hafi farið í viðhald ótengt því sem kosið var um í hverfakosningu, og undirstrikar að ekki sé eðlilegt að helmingur fjárveitingar hafi farið í að greiða verkfræðistofu.

Gott er að heyra að „klettarnir“ á lóð Ævintýra séu á leið burt með öryggi barnanna í fyrirrúmi, og gaman að í staðinn komi fótboltamörk – enda líður varla sá dagur að ekki sé fótboltaleikur í gangi á leikskólalóðinni. Einnig er virkilega jákvætt að verið sé að fara í vinnu til að laga eldhúsaðstöðu á Ævintýrum.

Foreldraráð tekur undir orð leikskólastjóra að nauðsynlegt sé að lokið verði við að lagfæra leka í báðum húsum leikskólans. Einnig að mikilvægt sé að aðstöðunni í Björnslundi sé haldið við, sem er dásamlegt svæði fyrir börnin og aðra í hverfinu að eiga. Foreldraráð skilur mjög vel áhyggjur vegna breytinga sem áttu sér stað í vetur, þar sem nú gildir eitt leyfisbréf fyrir leikskólakennara og aðra kennara. Ótvírætt er að það ógnar starfsaðstöðum leikskóla verulega. Mikilvægt er að kennarasambandið grípi þar inn í sem allra fyrst svo ekki tapist mikilvægt starfsfólk leikskólanna til grunnskóla og framhaldsskóla.

Í innra mati eru góð skil gerð á Hvíldarstefnu leikskólans sem mörkuð var síðasta vetur og sett í umbótaáætlun líðandi veturs. Hún sýnir metnað starfsfólks til að hugsa um þarfir barnanna, og að þeim líði sem allra best. Áhugavert var að lesa um upplifun hvernar deildar, sem allar höfðu jákvæð orð í garð stefnunnar og greinilegt að foreldrar tóku almennt vel í þessa stefnu. Mikil vitundavakning hefur orðið í samfélaginu á síðustu árum varðandi svefn og mikilvægi hans, og telur foreldraráð það mjög jákvætt að það skili sér til barnanna.

Ytra mat er mjög jákvætt og sýnir að starfið á Rauðhól er metnaðarfullt og faglegt. Virkilega gaman að heyra að starfsfólk Rauðhóls hafi fengið viðurkenningu fyrir verkefnið Leyndarmál Rauðhólsleðinnar, og að Guðrún Sólveig hafi fengið viðurkenningu fyrir framúrskarandi faglega forystu í leikskólastarfi. Það vissulega kom þó foreldraráði ekki á óvart.

Leitt er að heyra hve fáir tóku þátt í viðhorfskönnun starfsfólks. Mjög hjálplegt getur verið fyrir stjórnendur að fá marktækar niðurstöður úr slíkri könnun og veltir foreldraráð fyrir sér hvernig hægt sé að hvetja starfsfólk til svörunar. Þó getur verið að þessi sérkennilegi vetur hafa haft áhrif þarna á. Greinilegt er að mikill metnaður er lagður í að hugsa vel um starfsfólkið á Rauðhól, og gott að heyra að haldinn var fyrirlestur tengdur streitu, þreytu og þrautseigju. Og frábær hugmynd hjá leikskólastjóra að taka öll starfsmannaviðtöl í göngutúrum!

Í heildina litið er foreldraráð mjög ánægt með alla starfsemi á Rauðhól, faglegt starf sérkennslu, metnað í að hafa góða samvinnu milli forelda og leikskólans og hve starfsmenn leikskólans eru duglegir að sækja fræðslu.



Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Rauðhóll**

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L		1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skírdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	1 F
2 S	Fridagur verslunarmanna	2 M	2 F Menntakvika	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S	2 M Starfsm.fund. kl. 17-19	2 F
3 M		3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ		4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M		5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Skipulagsdagur	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M
6 F		6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M prettándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Sjómannadagurinn	6 Þ
7 F		7 M	7 M	7 L	Baráttudagur gegn einelti	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L		8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S		8 Þ	8 F	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S		9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F Skólaári líkur
10 M		10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M Starfsm.fundur kl 17-19	10 L	10 M Skipulagsdagur Uppskeruh. Mst. RVK	10 F	10 L
11 Þ	Skólaár hefst	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M		12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M Sumarfrí hefst
13 F		13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F		14 M	14 M Starfsm.fundur kl 17-19	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L		15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Bolludagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S		16 M Starfsm.fundur kl 17-19 Dagur ísl. náttúru	16 F	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	Skipulagsdagur	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Öskudagur	17 M	17 L	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ		18 F	18 S	18 M Skipulagsdagur	18 F	18 M Skipulagsdagur	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M		19 L	19 M	19 F	Dagur mannréttinda barna	19 L	19 Þ	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F		20 S	20 Þ	20 F		20 S	20 M	20 L	20 Þ Barnamenningarhátíð	20 F	20 S	20 Þ
21 F		21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur	21 S	21 M Námsferð	21 F	21 M	21 M
22 L		22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur	22 M	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S		23 M	23 F	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F Námsferð	23 S Hvítasunnudagur	23 M	23 F
24 M	Setning grunnskóla	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F	24 L
25 Þ		25 F	25 S	25 M	25 F Jóladaur	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M		26 L Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F		27 S	27 Þ Skipulagsdagur/Málþing	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F		28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S Pálmásunnudagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F		29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S		30 M	30 F	30 M	30 M	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M			31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M		31 M		